

aða fjárnámsgerð frá 21. ágúst 1985 staðfest. Með þessum dómi Hæstaréttar er því grundvöllur fyrir framgangi vitnamálsins niður fallinn. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og vísa vitnamálinu frá héraðsdómi.

Rétt þykir að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og er vitnamálinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Miðvikudaginn 17. desember 1986.

Nr. 316/1986. **Örn Höskuldsson**

gegn

Axel Ström Óskarssyni

Kærumál. Úrskurður um vitnaskyldu úr gildi felldur. Vitnamáli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. f.m. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Einnig krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hinn kærða úrskurð hefur Guðmundur L. Jóhannesson héraðsdómari kveðið upp á aukadómþingi Kjósarsýslu hinn 26. nóvember 1986. Úrskurðurinn er án forsendna, en við uppkvaðningu færði héraðsdómari til bókar:

„Fyrir er tekið: Vitnamálið nr. 1656/1986 Axel Ström Óskarsson gegn Erni Höskuldssyni.

Þann 24. nóvember sl. fór fram munnlegur málflutningur um kröfu aðila um hvort vitnunum Svölu Valgeirsdóttur, Jónu Bríet Guðjónsdóttur og hdl. Erni Höskuldssyni væri skylt eða ekki að bera vitni í málinu sbr. 4. tl. 1. mgr. 125. gr. laga nr. 85/1936, og var málið þá tekið til úrskurðar.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

ú r s k u r ð u r :

Vitnunum Svölu Valgeirsdóttur, Jónu Bríet Guðjónsdóttur og hdl. Erni Höskuldssyni er skylt að bera vitni í máli þessu.

Málskostnaðarákvörðun vegna þessa þáttar málsins bíði endanlegs dóms í Hæstaréttarmálinu nr. 163/1985.“

Atvik málsins eru þau, að varnaraðili undirgekkst dómsátt á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 28. júní 1983. Sóknaraðili gerði hinn 12. desember 1984 fjárnám hjá varnaraðila samkvæmt dómsáttinni. Varnaraðili áfrýjaði fjárnáminu með stefnu 5. júlí 1985, mál nr. 163/1985 í Hæstarétti. Hinn 3. nóvember 1986 var af hálfu beggja aðila lýst yfir því að málið nr. 163/1985 væri tilbúið til flutnings. Er málið nr. 163/1985 skyldi munnlega flutt 2. þ.m. óskaði varnaraðili (áfrýjandi) eftir fresti um ótiltekinn tíma til þess að ljúka vitnamáli því, sem nú er til úrlausnar, en vitnamálið hafði varnaraðili (áfrýjandi) þingfest á aukadómþingi Kjósarsýslu 21. nóvember sl. Gagnaðili mótmælti frestbeiðni þessari og með dómi Hæstaréttar 4. þ.m. var synjað um hinn umbeðna frest. Efnisdómur var svo lagður á mál nr. 163/1985 í Hæstarétti hinn 15. þ.m.

Með ofangreindum dómi Hæstaréttar hinn 15. þ.m. var hin áfrýjaða fjárnámserð frá 12. desember 1984 staðfest. Með þessum dómi Hæstaréttar er því grundvöllur fyrir framgangi vitnamálsins niður fallinn. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og vísa vitnamálinu frá héraðsdómi.

Rétt þykir að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og er vitnamálinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Miðvikudaginn 17. desember 1986.

Nr. 54/1986. **Ola Flage**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Ferðaskrifstofunni Úrval h/f

Ferðaskrifstofunni Útsýn

Samvinnuferðum-Landsýn

og

Flugleiðum h/f

öllum sem eigendum óskráðs félags,

Kanaríklúbbsins

(Pétur Guðmundarson hrl.)

Vinnusamningur. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. febrúar 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi, útgefnu 7. s.m., samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða áfrýjanda 94.640,00 krónur með 17% ársvöxtum frá 7. febrúar 1984 til 1. september s.á., 19% ársvöxtum frá þeim degi til 15. janúar 1985 en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.